

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Kennarasambands Íslands  
vegna Félags grunnskólakennara**

103. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga var haldinn mánudaginn 20. júní 2022. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 10:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Karl Óttar Pétursson og F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Rakel Guðmundsdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

**1. Ráðningarkjör kennara við Helgafellsskóla sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi - Málsnr. 220610SA**

Erindi frá Félagi grunnskólakennara vegna hóps kennara sem kenna í 1-4 bekk við Helgafellsskóla og vinna samkvæmt 200 daga skóladagatali. Í samningi sem þessir kennarar undirrituðu kemur fram að samkomulagið sé í samræmi við grein 2.1.2 í kjarasamningi FG og SNS. Skýrt er í þeirri grein að samþykki samningsaðila þarf að liggja fyrir til að heimit sé að haga vinnu með öðrum hætti en samið er um í 2 kafla. Slíkt samþykki liggur ekki fyrir af hálfu Félags grunnskólakennara sbr. framangreint og fyrri samskipti. Þessir kennarar telja að umrætt fyrirkomulag brjóti gegn kjarasamningi Félags grunnskólakennara og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er Félags grunnskólakennara sammála því. Þá er gert ráð fyrir að áfram verði kennt í 1-4 bekk í Helgafellsskóla samkvæmt skóladagatali sem gerir ráð fyrir 200 dögum skólaárið 2022-2023. Ekkert samþykki liggur fyrir frá kennurum né stéttarfélagi fyrir þessu samkomulagi, sbr. skyldu til þess í 2.1.2 gr. í kjarasamningi.

Félagið fullyrðir að kennurum við skólann sé ekki greidd laun í samræmi við gildandi kjarasamning.

**Niðurstaða:**

Fulltrúar SNS kröfðu fulltrúa félagsins um gögn er sýndu fram á meint brot skólans á launagreiðslum til kennara sem sinna kennslu í 200 daga kennsluskipulagi. Fulltrúar FG munu leggja slík gögn fram á næsta fundi nefndarinnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 11:30.